Barnaheill

# Fundargerð stjórnarfundar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

**Tími:** Þriðjudagurinn 13. júní 2023, kl. 17:00.
**Fundur:** 5. fundur ársins 2023
**Staður:** Fákafen 9 og á TEAMS
**Mætt:** Pétur Óli Gíslason, Bergrún Íris Sævarsdóttir, Ólafur Aðalsteinsson, Eva Huld Ívarsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Herdís Pála Pálsdóttir og Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir.
**Teams:** Sólveg Rós Másdóttir
**Boðuð forföll:** Bjarni Torfi Álfþórsson

**Starfsfólk Barnaheilla sem tók þátt í fundinum:** Starfsfólk BH hélt kynningu fyrri hluta fundar. Berglind Sigmarsdóttir sat áfram fundinn.

1. **Kynning á starfsemi og verkefnum.**
    - Starfsmenn kynna verkefni og starfsemi samtakanna, umræður um kynningarmál, sjálfbærninálgun, fyrirtækjasamstarf og rammasamning utanríkisráðuneytisins og mögulega útsendan starfsmann.
        - Ákveðið að GHJ fær leyfi til að kanna nánari útfærslu á verkefni innan rammasamnings UTN fyrir neyðaraðstoð, ítarleg tillaga send stjórn í t-pósti.
        - Jákvætt tekið undir tillögur að kanna samstarf við fyrirtæki á sjálfbærninótunum þar sem „Framtíðarsjóður barna“ væri mögulegt konzept.

2. **Starfsreglur stjórnar**.
    - Lagt er til að starfsreglurnar verði teknar til skoðunar á næsta fundi.
    - Verkaskipting: Pétur Óli bauð sig fram til að sinna hlutverki gjaldkera/fjármálarýnis en að finna megi réttheiti á það hlutverk.
    - Samstarf: Ákveðið var að stjórn fundi mánaðarlega um miðjan mánuð og fái mánaðarlega uppfært fjármálayfirlit.
    - Fundargerðir verða sendar út til samþykktar rafrænt í gegnum Dokobit.
    - Samskipti og verkefni: Ákveðið var að minni hópar stjórnarmeðlima fundi um einstök málefni og að formaður og varaformaður séu með í þeim samskiptum.

3. **Prókúrubreyting**.
    - Ákveðið var að útvega formanni prókúru fyrir samtökin (ásamt framkvæmdastjóra) og að skoðunaraðgangur verði settur upp á lykilreikninga samtakanna fyrir „gjaldkera“ stjórnar.

4. **Skipurit samtakanna**.
    - Málefninu frestað til næsta stjórnarfundar.

5. **Endurskoðandi samtakanna.**
   - Málefnið tekið fyrir í minni vinnuhópi sem kemur með samantekt og tillögu á fundi stjórnar í ágúst.

6. **Tekjumódel samtakanna.**
   - Málefnið tekið fyrir á sér vinnufundi stjórnar.

7. Önnur mál.
   - Stjórnarmeðlimir kynntu sig og sín verkefni/stöður/reynslu.
   - Þátttaka ungmennaráðs: Ekki tekið fyrir að þessu sinni.
   - RUV þáttur: Athuga með styrktaraðila fyrir stöðu verkefnastjóra þáttagerðarinnar.

Fundi slitið kl. 19:10
Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, ritaði fundargerð.

***Afgreiðsla : fundargerð send til rafrænnar undirritunar í gegnum Dokobit.***